

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2019

**Efni: Umsögn um þingsályktun um fullan aðskilnað ríkis og kirkju og nýja heildarlöggjöf um starfssemi trú- og lífsskoðunarfélaga
150. löggjafarþing 2019 - 2020. Þingskjal nr. 181 - 128 mál.**

Álit:

Undirritaður sendir hér með umsögn um þingsályktun um aðskilnað ríkis og kirkju ásamt löggjöf um trú- og lífsskoðunarfélög.

Ég hvet þingmenn að samþykkja þingsályktunina sem borin er fram af 11 þingmönnum úr fjórum flokkum.

RÖKSTUÐNINGUR:

Fullt trúfrelsi

Aðskilnaður ríkis og kirkju mun tryggja að trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar verði að fullu virkt. Í henni er ákvæði um trúfrelsi en það getur ekki verið um að ræða fullt trúfrelsi þegar einnig er í sömu stjórnarskrá ákvæði um sérstöðu kirkjudeildar auk þess að henni sé tryggð félagsleg, fjárhagsleg og lagaleg forréttindi.

Með aðskilnaði ríkis og kirkju er tekið stórt skref í átt til veraldlegs samfélags sem byggir á lýðræði og mannréttindum allra og sem er án mismununar sem nú er. Uppsögn og uppgjör kirkjujarðarsamkomulagsins er eitt stærsta skrefið í þá veru.

Annar rökstuðningur

Hlutverk ríkisins er að tryggja frelsi einstaklinga og vernda rétt þeirra til að lifa samkvæmt þeim lífsskoðunum sem þeir sjálfir kjósa. Stjórnvöld eiga að vera hlutlaus, óháð trúarbrögðum og eiga ekki að hygla ákveðnum lífsskoðunum umfram aðrar. Hlutverk ríkisins er að útbúa þann ramma sem tryggir jafna stöðu og rétt allar til að iðka sína trú eða vera án hennar.

Aðskilnaður ríkis og kirkju felur m.a. í sér að jafna lagalega, fjárhagslega og félagslega stöðu þeirra hópa sem aðhyllast ólíkar lífsskoðanir. Öðruvísi verður trúfrelsi, og þar með frelsi einstaklingsins, ekki tryggt.

Kirkjujarðarsamningurinn er líklega stærsti hluti núverandi fyrirkomulags. Ég leyfi mér að fullyrða að að samningurinn er einn sérkennilegasti samningur sem ríkið hefur staðið að. Nokkuð skýrt er hverjar skuldbindingar ríkisins eru en ekki er hægt að gera sér grein fyrir verðgildi þess sem kirkjan leggur til hans í formi eigna. Sú tala sem nefnd hefur verið er um 3

milljarðar króna en framlag ríkisins frá árinu 1999 er á milli 40-50 ma.

Í endurnýjuðum samningi á milli ríkisins og kirkjunnar frá því í september 2019 er loks sett inn endurskoðunarákvæði en það er á 15 ára fresti sem er fáheyrt og óskiljanlegt.

Núverandi kerfi byggir á mismunun

Fjárhagslega fær þjóðkirkjan sem svarar rúmar tvær krónur á móti einni krónu sem önnur trú- eða lífsskoðunarfélög fá og er svo bundið um hnútana í lögum. Þeim sem síðan eru skráðir utan allra trú- eða lífsskoðunarfélaga er einnig mismunað með því að krefja þá um sama trúfélagaskatt í formi sóknargjalda sem síðan rennur í ríkissjóð.

Lagalega séð er mismunun tryggð í stjórnarskrá með 62. greininni.

Viðhorf Íslendinga

Almenningur hefur verið fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju allar götur frá því að Gallup hóf að kanna viðhorf til þess árið 1994. Það ár voru rúmlega 54% fylgjandi aðskilnaði. Í kringum 1998 var stuðningur orðinn rúm 60% og frá efnahagshruninu 2008 jókst stuðningur við aðskilnað og hefur undanfarin ár notið stuðnings rúmlega 70% Íslendinga.

Einnig hefur verið spurt um afstöðu Íslendingar til þjóðkirkjuákvæðis í stjórnarskrá. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 voru 57% sem töldu að slíkt ákvæði ætti að vera í stjórnarskrá. Hins vegar hefur spurningin verið gagnrýnd fyrir hvernig hún var orðuð og að hún var ekki í samræmi við aðrar spurningar í atkvæðagreiðslunni.

Í könnun Siðmenntar frá 2015 var spurningin orðuð á skýrari og hlutlausari hátt og var niðurstaðan sú að 61% þeirra sem töku afstöðu svöruðu því neitandi.

Veraldlegt samfélag

Með aðskilnaði ríkis og kirkju er stigið veigamikið skref í átt til lýðræðislegs samfélags þar sem byggt er á mannréttindum allra án mismunar. Tryggt er fullt trúfrelsi þar sem ekkert trúar- eða lífsskoðunarfélag hafi sérstöðu og mismunun ekki þekkt. Hlutverk ríkisvaldsins er að tryggja að að allir geti iðkað trú sína eða verið án trúar til þess að ná þessum markmiðum.

Undirritaður er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

Bjarni Jónsson
S: 8968101